

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólanefnd með þessum hætti: Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu fiskimálaráðs og skal hann vera fulltrúi aðila fiskiðnaðarins, tveir eftir tilnefningu nemenda Fiskvinnsluskólans úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður skólanefndar skal skipaður án tilnefningar. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára. Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal nánar kveðið á í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um landgræðslustörf skólafólks.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að kveðja til starfa við landgræðslu a. m. k. tvo daga á hverju skólaári hvern þann nemanda, sem orðinn er 12 ára eða eldri og stundar nám í skóla, sem kostaður er af ríkinu að einhverju eða öllu leyti, enda sé nemandinn hraustur og ófatlaður.